



Garðabær, 15.04.2018

Berist til: Íþróttafulltrúa Garðabæjar.

Vegna: Fyrirspurnar um samstarfssamning við UMF Stjörnunnar.

Fyrirspurn hljóðaði eftirfarandi:

„Í núgildandi samstarfssamningi Garðabæjar við ungmennafélagið Stjörnuna, frá 7. febrúar 2017, er veitt 20 milljónum til sérstaks þróunarverkefnis. Þar er tekið fram að Stjarnan skuli framkvæma reglulega mælinga- og þjónustukönnun á starfsemi félagsins. Jafnframt skuli Stjarnan útfæra þróunarverkefnið nánar og kynna það fyrir ÍTG fyrir lok febrúar. Það er þó ekki tekið fram í samningnum á hvaða ári sú kynning eigi að fara fram. Líklega í febrúar 2017. Einnig skal framkvæmdastjóri Stjörnunnar kynna á 6 mánaða fresti framvindu verkefnisins ásamt því að taka saman greinargerð um árangurinn í lok samningstímans. Hafa þessar mælingar, kannanir og kynningar sem getið er um í samningnum farið fram? Þær koma hvergi fram í fundargerðum ÍTG. Hver er eftirfylgnin á þessu þróunarverkefni? Ég óska líka eftir frekari skilgreiningu eða innihaldslýsingu á þróunarverkefninu og í hverju það felst. Einnig væri fróðlegt að vita hvernig þessi samningur var saminn á sínum tíma. Var textinn saminn í sameiningu af báðum aðilum eða sáu bæjaryfirvöld að mestu leyti um útfærsluna?“

Svar UMF Stjörnunnar:

Í viðræðum UMF Stjörnunnar og Garðabæjar um endurnýjun á samstarfssamningi ítrekaði Stjarnan mikilvægi á því að félagið næði að mæta betur þeim kröfum og því þjónustustigi sem ákall væri eftir úr samfélaginu. Íþróttafélög eru í sífellt meira mæli borin saman við skólastarf og kröfurnar um eftirfylgni, aukið utanumhald og hærri þjónustustig við iðkendur aukist mikið síðastliðin ár.

Það var því ósk félagsins að til að geta mætt þessum kröfum væri rekstrarstyrkur til félagsins hækkaður. Vert er að taka fram í þeirri umræðu að tvær deildir félagsins eru með yfir 900 virka iðkendur í barna- og unglingastarfi deildanna og tvær aðrar með um 400 virka iðkendur og því umfang þeirra mikið og ekki á færi sjálfboðaliða að vinna eftir sinn vinnutíma.

Þróunarstarf UMF Stjörnunnar hefur snúið að bættu þjónustustigi með endurskipulagningu á eftirfarandi þáttum:

- Yfirþjálfarar setji upp áætlun um rekstur hvernar deildar ásamt rekstaráætlun
- Samhæft kerfi samninga við þjálfara
- Samþættingu á starfsemi deilda
- Annarskipt starf í deildum og endurskipulagning greiðslukerfis
- Gerð þjónustukannana
- Nýtt form skráninga vegna sumarnámskeiða



Eftir að samningar voru endurnýjaðir kom framkvæmdastjóri Stjórnunnar á fund með ÍTG þann 22.mars 2017. Þar kynnti hann þær áherslur sem félagið væri að leggja fyrir og vinna að en aukið hefði verið við stöðugildi yfirþjálfara og einnig starfsmanns á skrifstofu til að hægt væri að mæta þessum verkefnum.

Farið var yfir eftirfarandi punkta:

- ✓ Fyrir hvert æfingatímabil skal yfirþjálfari deildar ásamt stjórnendum félagsins setja upp áætlun fyrir rekstur hvers flokks í barna- og unglingastarfi ásamt tillögu að verðskrá og æfingaskipulagi sem lagt er fyrir stjórn deildarinnar til samþykkis.
- ✓ Yfirþjálfari sér um samninga við þjálfara í barna- og unglingastarfi í samvinnu við framkvæmdastjóra og stjórn deildar.
- ✓ Barna- og unglingastarf deilda félagsins skal standa undir sér með æfingagjöldum iðkenda, styrkjum sveitarfélags og sérsambanda ásamt lottógreiðslum.
- ✓ Hver deild skal hafa starfrækt Barna- og unglingaráð sem styður við starf yfirþjálfara og heldur utan um annað félagsstarf.

Með þessum áherslubreytingum er verið að færa mikið að þeim verkefnum sem áður höfðu verið í höndum sjálfboðaliða á hendur starfsmanna félagsins til að bæta gæði og ut anumhald um rekstur þessara eininga. En vert er að taka fram að rekstur þessar eininga var meira og minna allur í tapi þegar þessar ákvaðanir eru teknar en er í dag kominn í jákvæðan rekstur eða skýr stefna er um viðsnúning á eftirfarandi rekstrareiningu sem verið er að fylgja eftir.

Einnig var farið yfir:

- ✓ Aukin samvinna við frístundaheimili og milli deilda félagsins vegna æfinga iðkenda í 1.-4.bekk. Til að reyna að auðvelda iðkendum að æfa tvær eða fleiri íþróttagreinar og eins til að mæta þeim vanda sem frístundaheimilinn standa frammi fyrir að ráða ekki við þann fjölda barna sem eru í vistun þar.
- ✓ Boðið verður upp á annar skipt starf svo iðkendur, forráðamenn geta þá valið að greiða fyrir allan veturinn eða hverja önn fyrir sig í einu. Eins verður tekin upp forskráning við haustskráningu.
- ✓ Þjónustukönnun verður send út á alla iðkendur í B&U starfi deilda félagsins. Til að sjá fá betri innsýn hvað er vel gert í og hvað má bæta í starfi félagsins en eins til að hafa betri yfirsýn yfir brotfall iðkenda.

Í haust var unnið mikið starf að því að reyna að ná fram samþættingu milli deilda svo árekstar milli íþróttagreina væri sem minnstir fyrir yngri iðkendur. Það takmark náðist en ekki eru árekstrar milli vinsælustu greina félagsins hjá 9 ára og yngri. Markmiðið er að ná þessari tölu upp í 12 ára aldur á næstu árum. Eins var allt æfingastarf yngstu iðkendanna skipulagt út frá því að þau kæmust í íþróttaiðkun beint eftir skóla og væri þeirra "vinnudegi" lokið ekki seinna en um 17.30. Þannig væri félagið að koma til móts



við frístundaheimilin og létta á þeim með það aukna álag sem hefur orðið vegna fjölgunar barna í samfélaginu á síðustu árum.

Stjarnan hefur einnig verið í samvinnuverkefni við Greiðslumiðlun um breytingar á uppsetningu greiðslukerfisins Nóra sem er það greiðslukerfi sem öll stærri íþróttafélög og sveitafélög nýta sér í dag. Verkefni snýst um að auka valið á þjónustuleiðum til forráðamanna og auðvelda iðkendum að velja sér sér þær íþróttagreinar sem henta þeim á hverjum tímapunkti. Nú í sumar verður einmitt það kerfi sem hefur verið unnið að tekið upp fyrir sumarstarfið til prófunar í fyrsta sinn, en þar býðst forráðamönnum að raða saman sumarnámskeiði með mismunandi námskeiðum eftir áhugahvöt iðkandans og eftir því hversu mikla þjónustu forráðamönnum.

Stjarnan fékk aðstoð frá fagaðilum í markaðsmálum við að láta útbúa þjónustukannanir fyrir sig þar sem hægt væri að kanna ánægju iðkenda og forráðamanna, starfsmanna og þjálfara en einnig er áhugi fyrir því að gera svipaða könnun meðal sjálfboðaliða félagsins. Fyrsta þjónustukönnunin var send út fyrir áramót á knattspyrnudeild og er nú til úrvinnslu og stendur til að senda á aðrar deildir í lok tímabilsins. Niðurstöður verða svo nýttar við að reyna að mæta betur þeim athugasemdum og óskum sem við sjáum að séu í samfélaginu til þeirrar þjónustu sem félagið stendur fyrir.

Ákveðið var að ÍTG myndi hitta framkvæmdastjóra árlega til að fara yfir framgang þessara verkefna og stendur til að framkvæmdastjóri komi inn á fund ÍTG núna á vormánuðum líkt og í síðastliðið ár.

Ef fulltrúar hafa frekari fyrirspurnir er velkomið að hafa samband við framkvæmdastjóra Stjórnunnar sem getur svarað þeim frekar.

Fyrir hönd UMF Stjórnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir